

Skráning: hrafnseyri@hrafnseyri.is

Safnfræðsla – að læra og kenna á safni/setri

Einstakt helgarnámskeið í töfrandi umhverfi á vegum námsbrautar í safnafræðum, Rannsóknaseturs í safnafræðum við Háskóla Íslands og Sumarháskóla Hrafnseyrar.

Staðsetning: Hrafnseyri við Arnarfjörð

Tími: 26. – 28. ágúst 2011

Verð: kr. 30.000

Innifalið í verði er námskeiðsgjald, sefnpokapláss á kapellulofti (einn salur fyrir alla). Einnig er hægt að tjalda á staðnum. Kaffi og meðlæti, morgunmat, léttur hádegisverður og kvöldmat, ásamt ferð í Skrýmslasetrið og Meldódíur minninganna, Bildudal og heimsókn í safn Samúels Jónssonar í Selárdal.

Námskeiðslýsing

Sumarháskóli í safnfræðslu er þriggja daga hagnýtt námskeið þar sem farið verður yfir kenningar í safnfræðslu, aðferðarfræði og lausnir á raunverulegum verkefnum á sviðinu. Námskeiðið er öllum opið sem áhuga hafa á þessu brýna viðfangsefni en sérstaklega er höfðað til kennara á leik- og grunnskólastigi, sem og safnmanna og aðila í ferðaþjónustu sem nýta sér söfn. Þátttakendum er boðið að koma með raunveruleg safnfræðslu „vandamál“ eða verkefni til þróunar og úrvinnslu á námskeiðinu.

Safnfræðsla (museum education) er óaðskiljanlegur þáttur safnastarfs – ef ekki megintilgangur þess. Safnfræðsla nær til allra skólastiga og er afar líflegt kennsluform sem getur komið að góðum notum í verkfærakistu (safn)kennara. Safnfræðsla er ekki bundin við skólabörn sem koma í heimsókn á safn heldur gegna söfn mikilvægu hlutverki á sviði fræðslu fyrir alla aldurshópa og alls konar fólk. Í námskeiðinu verður rýnt í hugmyndir um menntunarhlutverk safna og þróun safnfræðslu. Kenningar eða nálganir í safnfræðslu eru skoðaðar sem geta gagnast á hvaða safni eða setri sem er.

Skráning

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku með því að senda netpóst á hrafnseyri@hrafnseyri.is þar sem fram kemur: nafn, kennitala og símanúmer þátttakanda.

Reikningshafi: Hrafnseyrarnefnd/Sumarháskóli. Reikningur: 1114 - 05 – 401410

Kennitala reikningshafa: 600876-0159

Fjöldi þátttakenda er takmarkaður !




Hrafnseyri við Arnarfjörð



Skráning: hrafnseyri@hrafnseyri.is

Safnfræðsla – að læra og kenna á safni/setri 26. – 28. ágúst 2011

Skipulag námskeiðsins:

	Föstudagur 26. ágúst	Laugardagur 27. ágúst	Sunnudagur 28. ágúst
09:00–10:00 10:00–11:00 11:00–12:00	Skráning og hópaskipting	„Vandamáladagur“ – leysum málin saman	Úrvinnsla „vandamála“ – verkefnavinna hópa
12:00–13:00	Hádegisverður	Hádegisverður	Hádegisverður
13:00–14:30 14:30–15:30	Söfn sem menntastofnanir (SBH) Söfn sem námsvettvangur (aDk)	Vettvangsferð; Bíldudalur, Ketildalir, Listasafn Samúels Jónssonar eða „listamannsins með barnshjartað“.	Samantekt (SBH, aDk, BÞ) Brottför
15:30–19:30	Anmarkar skólakerfis og safnakerfis (BÞ) Kennslumódel og kennsluáðferðir á söfnum (aDk)		

Kennarar á námskeiðinu eru:

Sigurjón Baldur Hafsteinsson, lektor í safnafræði við félags- og mannvísindadeild félagsvísindasviðs Háskóla Íslands

Alma Dís Kristinsdóttir, menntunarfræðingur og verkefnastjóri fræðslu við Listasafn Reykjavíkur

Bergsveinn Þórsson, listfræðingur, framhaldsskólakennari og safnkennari við Listasafn Reykjavíkur

Skráning og frekari upplýsingar veitir: Valdimar J. Halldórsson, staðarhaldari á Hrafnseyri

í síma 845 5518 eða gegnum tölvupóst: hrafnseyri@hrafnseyri.is

Skráning: hrafnseyri@hrafnseyri.is

Safnfræðsla – að læra og kenna á safni/setri 26. – 28. ágúst 2011

Bakgrunnur kennara og aðstandenda námskeiðsins:

Sigurjón B. Hafsteinsson, PhD. Sigurjón er lektor í safnafræðum við Háskóla Íslands. Hann hefur starfað á ýmsum söfnum s.s. eins og Þjóðminjasafni Íslands, Listasafni Háskóla Íslands og Minjasafni Reykjavíkur. Hann er fyrrverandi safnstjóri Ljósmyndasafns Reykjavíkur, Kvikmyndasafns Íslands og Menningarmiðstöðvar Þingeyinga. Sem safnstjóri hefur hann komið að skipulagningu og framkvæmd fjölmargra safnfræðsluverkefna.

AlmaDís Kristinsdóttir, M.Ed. og dipl. í safnafræði. AlmaDís er hönnuður í grunninn með brennandi áhuga á fræðslumálum safna. Hún hefur starfað við þróun fræðsluleiða á söfnum í rúm 10 ár og einbeitt sér að rannsóknum er varða fjölskyldur og börn. AlmaDís er verkefnastjóri fræðslu við Listasafn Reykjavíkur og stundakennari við kennaradeild Listaháskóla Íslands og í safnafræði við Háskóla Íslands. Hún fjallar um söfn sem sjónrænan vettvang náms, kennslumódel og kennsluaðferðir sem henta vel á söfnum ásamt því að skoða nálgun á safnfræðslu fyrir ólíka hópa og aðstæður.

Bergsveinn Þórsson, BA í listfræði og dipl. til kennsluréttinda. Bergsveinn hefur starfað sem kennari við Borgarholtsskóla, unnið fyrir Listasafn Íslands, Minjasafn Reykjavíkur og sem safnkennari við Listasafn Reykjavíkur. Hann leggur stund á mastersnám í safnafræði við Háskóla Íslands. Bergsveinn fjallar um kenningar um söfn og kemur m.a. inn á kennivald safna og annmarka skólakerfa og safna. Hann fjallar einnig um verkefni sem hann vann fyrir Listasafn Reykjavíkur með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna sumarið 2010 og kallast Kennslupakki: undirbúningur – safnheimsókn – eftirfylgni.

Valdimar J. Halldórsson, var ráðinn staðarhaldari á Hrafnseyri og safnstjóri Safns Jóns Sigurðssonar árið 2005. Hann lauk magistergráðu (Mag.art) í mannfræði frá Árósarháskóla í Danmörku árið 1992. Hann hefur gert vettvangsrannsóknir í Suður-Indlandi, Malawi og Danmörku. Árið 2006 stofnaði hann með aðstoð Háskólaseturs Vestfjarða Sumarháskólann á Hrafnseyri þar sem hann í samvinnu við innlenda og erlenda kennara hefur haldið námskeið í ýmsum fræðum sem viðkemur sögu og safni staðarins.

Sjáumst á Hrafnseyri!

